

## Aukafundur Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings bs.

Boðað er til aukafundar hjá Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings bs. en samkvæmt 14. gr. samþykktu félagsins er hægt að boða til aukafundar ef þörf krefur að mati stjórnar og skal þá boða til fundar með rafrænum hætti með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara og skal fundarefni tilgreint.

Í ljósi þess að sveitarfélögin hafa samþykkt úrgöngu Hveragerðisbæjar og Sveitarfélagsins Ölfus úr byggðasamlaginu þarf að halda aukafund þar sem nýjar samþykktir (félagssamningur) er lagður fyrir aðildarfélögin til samþykktar ásamt því að kjósa þarf nýja stjórn í samræmi við nýjan félagssamning.

**Aukafundur Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings bs. fer fram þann 1. mars nk. kl. 13:00, á Hótel Skálholti.**

Dagskrá aukafundar Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings bs. er eftirfarandi:

1. Formaður setur fundinn.
2. Drög að nýjum félagssamning lögð fram til samþykktar.
3. Staðfesta tilnefningar sveitarfélaga til stjórnar félagsins.
4. Önnur mál er krefjast samþykktar fundarins.
5. Almennar umræður.

Á aukafundi skulu eiga sæti einn fulltrúi frá hverju aðildarsveitarfélagi, sem kemur úr hópi aðal- eða varamanna í stjórn byggðasamlagsins. Við atkvæðagreiðslu á aukafundi þarf samþykki allra atkvæðisbærra fulltrúa á fundinum sbr. 14. gr. núgildandi samþykktu félagsins. Sama á við um breytingar á samþykktum félagsins.

Aukafundir eru opnir til áheyrnar kjörnum fulltrúum í sveitarstjórnnum og lykilstarfsmönnum aðildarsveitarfélaganna sem tengjast umfjöllun og starfi byggðasamlagsins.

Stjórn byggðasamlagsins óska því eftir því að aðildarsveitarfélögin tilnefni fulltrúa fyrir hönd sveitarfélagsins til að mæta á aukafund og fara með atkvæði sveitarfélagsins á fundinum. Einnig er óskað eftir því að sveitarfélögin tilnefni bæði aðal- og vara fulltrúa í stjórn byggðasamlagsins.

Að lokum vill stjórnin hvetja kjörna fulltrúa til að mæta á aukafundinn og taka þátt í umræðu og uppbyggingu á Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings bs. í breyttri mynd.

Sveitarstjórar eru beðnir um að senda öllum kjörnum fulltrúum í sveitarstjórnnum þetta fundarboð.

*Virðingarfyllst fyrir hönd stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings bs.*

*Ása Valdís Árnadóttir*

Ása Valdís Árnadóttir, formaður